

Breytingar á lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar

Lagabreytingarnar öðluðust gildi **1. janúar 2013**.

1. Hér eftir verður VMST heimilt að kalla eftir upplýsingum úr sjúkra/styrktarsjóðum stéttarfélaganna. Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að þessi aukna heimild sé til komin vegna þess að einstaklingar sem eru óvinnufærir og eiga rétt á greiðslum úr sjúkrasjóði eigi ekki jafnframt rétt á atvinnuleysisbótum. Má því ætla að áfram verði það einungis greiðslur úr sjúkrasjóðum sem komi til skerðingar en ekki t.d. gleraugna/tannlæknastyrkir eða styrkir til tekjulægri félagsmanna.
2. Þá voru einnig gerðar breytingar á því hvað teldist sannanleg boðun. Er gert ráð fyrir því að VMST ákveði sjálf með hvaða hætti hún hyggst koma upplýsingum til atvinnuleitanda og er henni gert að tilkynna atvinnuleitanda það með hvaða hætti það verður. Þetta er gert í þeim tilgangi að koma til móts við kröfur um rafræna stjórnslu og má ætla að framvegis verði sannanlegar boðanir þær sem fara fram með tölvupósti og sms. Ekkert stendur í frumvarpinu hvernig stofnuninni er skylt að gera þetta og það er því á hennar valdi að ákveða með hvaða hætti hún gerir þetta en verður að gæta að málefnalegum sjónarmiðum. Þá má ætla að hafni atvinnuleitandi því að fá boðanir t.d. með sms eða tölvupósti á þeim grunni að hann eigi einfaldlega ekki farsíma eða tölvu að þá getur stofnunin ekki skikkað hann til þess að fá sér slík tæki og þarf áfram að notast við venjulegan bréfpóst.
3. Mælt er fyrir um að atvinnuleitandi eigi ekki rétt á greiðslum fyrr en við 18 ára aldur í stað 16. Er þetta til komið vegna lögræðis laga en börn að 18 ára aldri eru á framfæri foreldra sinna. Ávinnsla bótaréttar hefst þó við 16 ára aldur.
4. Nú eru komnar nýjar reiknireglur fyrir ákvörðun bótaréttar launamanns hjá eigin ehf. eða sambærilegu félagi. Fyrir lagabreytingu gildi það sama um þessa einstaklinga og venjulega launamenn, þ.e. þeim dugaði að skila inn vinnuveitandavottorði fyrir sitt starf, frá sjálfum sér. Ef viðkomandi skilaði inn vottorði fyrir 100% starf og greiddi sér 100 þúsund í mánaðarlaun var það gilt. Í dag gengur það ekki og um útreikning á bótarétti viðkomandi skal miða við reglur ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald.
5. Atvinnuleysisbætur eru nú greiddar fyrir tímabilið frá 1. hvers mánaðar til loka hvers mánaðar í stað þess að vera greiddar frá 20 til 19 hvers mánaðar. Ekkert er sagt til um hvort tími staðfestingar á atvinnuleit eigi að breytast samhliða og því göngum við út frá því að svo sé ekki og að það tímabil sé enn 20-25 hvers mánaðar. Þessi breyting er til komin til þess að jafna skekkjuna sem verður hjá þeim sem taka tilfallandi vinnu eða vinna hlutastörf samhliða atvinnuleysisbótum enda er það greiðslutímabil venjulega frá 1 til loka mánaðar. Áfram er þó gert ráð fyrir að einhverjar skekkjur verði.
6. Þá eru gerðar viðamiklar breytingar á viðurlagaákvæðum laganna. Gert er ráð fyrir því að sá sem hefur fengið greiddar atvinnuleysisbætur í 30 mánuði eða lengur og gerist brotlegur við 54,55,56,57,58,59 eða 61. gr. laganna missi bótarétt sinn og fái hann ekki að nýju fyrr en hann hefur starfað a.m.k í 24 mánuði á innlendum vinnumarkaði.

Aðrar breytingar eru bráðabirgðaákvæði er varða Liðsstyrk 2013 og er ekki talin þörf á að gera grein fyrir hér þar sem umræða mun fara fram um efnistöð þess verkefnis á fræðsludeginum.